

Forrit og öpp til að æfa sig heima

YouTube

Til að hægja á lögum sem þú ert að æfa á YouTube má smella á *Settings* (tannhjólíð) og *Playback Speed*. Þar er hægt að velja um meðal annars 0.5 og 0.75 sem er 50% og 75% hraði.



Taktmælir – hvaða app?

Erfitt getur verið að finna góðan taktmæli sem virkar vel og er ekki með mikið af auglýsingum. Ég mæli með **Pro Metronome** appinu frá Xiao Yixiang (Frítt fyrir Android/iOS)


Frá YouTube til mp3 eða wav

Ef þú ert með lag á YouTube sem þú vilt nota annars staðar, til dæmis í upptökuforríti, er lítið mál að breyta því í mp3 (eða wav ef þú þarft á því að halda).

1. Afrita slóðina hjá YouTube.
2. Opna nýjan flipa og Googla „youtube to mp3“.
3. Líma YouTube-slóðina inn og smella á „Convert“.
4. Hala niður laginu.

Chrome Audio Capture

Öruggari og sveigjanlegri leið til að „veiða“ hljóð af netinu er að nota viðauka (*extension*) fyrir Google Chrome sem heitir Chrome Audio Capture. Viðaukinn leyfir þér að taka upp hljóð úr vafranum, hvort sem það kemur úr YouTube eða Spotify. Googlaðu Chrome Audio Capture. Virkar bæði fyrir macOS og Windows. (Frítt)




Transcribe og Amazing Slow Downer

Að breyta hraðanum hjá YouTube niður í 0.5 eða 0.75 er stundum OF hægt. Þá eru til öpp sem geta hægt á í minni þrepum og líka gert það auðveldara að byrja að spila nákvæmlega þar sem þú vilt.

Transcribe virkar fyrir macOS og Windows (\$39) – www.seventhstring.com

Amazing Slow Downer virkar fyrir öll tæki (\$10 - \$40) – www.ronimusic.com




GarageBand


iPhone, iPad og Mac koma með GarageBand, annaðhvort tilbúið eða frítt frá AppStore.

Í GarageBand er ekki bara hægt að semja lög og taka upp. Það er líka hægt að breyta hraða og tónhæð á mp3.

1. Búa til tómt lag með eina græna „píanórás“ (*New, Empty Project, Software Instrument*).
2. Toga mp3 frá Desktop/Finder yfir í GarageBand.
3. Nota píanórás til að búa til merki (hægrismella og velja *Create MIDI Region*, síðan má hægrismella á græna kassann til að endurnefna (*Rename Regions*).
4. Birta *Edit-svæðið* með því að ýta á skærin eða E á lyklaborðinu.
5. Merkja mp3-rásina, velja *Region* og haka við *Follow Tempo & Pitch*.
6. Núna er hægt að breyta hraðanum á laginu (*Tempo*).
7. Einnig er gott að „lúppa“ kafla af laginu. Ýttu á *Cycle* eða C á lyklaborðinu og togaðu gula kassann utan um svæðið sem þú ætlar að æfa.




Music Maker – í staðinn fyrir GarageBand



GarageBand er því miður ekki til fyrir Windows. Þá er gott að nota **Music Maker** í staðinn. Það er frítt og fæst hjá www.magix.com

Aðferðin til að setja inn lög er svipuð og í GarageBand:

1. Opna nýtt lag
2. Toga hljóðskrá frá *File Explorer* (mappan þar sem þú geymir lagið sem á að hlusta á). Athugaðu að það er *ekki* hægt að flytja inn mp3 í fríu útgáfunni. Þá þarf fyrst að breyta/vista lagið sem Wave-skrá (.wav). Ef þú notaðir Chrome Audio Capture er hægt að breyta þessu í stillingunum (Smella á Extensions í Chrome, velja Chrome AudioCapture, smella á þrípunktana og options). Það er einnig hægt að Googla „YouTube to wav“, svipað og við gerðum með mp3, og nálgast hljóðinu sem .wav þannig.



3. Breyta hraðanum á laginu með því að hækka/lækka BPM-töluna (Beats Per Minute = hraði eða „tempó“)
4. Hægt er að velja hvar á að byrja að spila með því að færa rauðu línuna. Einnig er hægt að „lúppa“ part af laginu með því að færa, stækka eða minnka gula kassann fyrir ofan tímalínuna.